

Ísafjarðarbær
B.t. skipulagsfulltrúa
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

VERKNÚMÉR: 20341-001 og -002
DAGS.: 3. feb. 2021

Efni: Skipulagsgerð vegna tveggja virkjana í botni Dýrafjarðar

Landeigendur Botns og Dranga áforma byggingu og rekstur tveggja virkjana í botni Dýrafjarðar. Annars vegar er um að ræða Botnsvirkjun sem yrði allt að 5 MW rennslisvirkjun með mögulegri dægurmiðlun, sem nýtir hluta rennslis Botnsár og Drangár í landi Botns og Dranga í Dýrafirði. Hins vegar er um að ræða Hvallátursvirkjun sem yrði allt að 2,5 MW rennslisvirkjun með mögulegri dægurmiðlun í Hvallátradalsá í landi Botns í Dýrafirði. Tenging virkjananna yrði með jarðstreng að munna Dýrafjarðarganga.

Áætlað er að inntaksmannvirki og aðveituskurðir Botnsvirkjunar verði staðsett í allt að 450 m h.y.s. Þaðan liggja niðurgrafin þrýstipípa sunnan árinna í landi Dranga um 3,5 km leið að stöðvarhúsi sem staðsett verði í um 20 m h.y.s neðan við núverandi skógræktarsvæði. Stærð stöðvarhúss Botnsvirkjunar er áætlað allt að 150 m².

Áætlað er að inntaksmannvirki Hvallátursvirkjunar verði staðsett í um 420 m h.y.s. Þaðan liggja niðurgrafin þrýstipípa vestan árinna um 2,3 km leið að stöðvarhúsi sem staðsett verði ofan við sjávarmál. Stærð stöðvarhúss Hvallátursvirkjunar er áætlað um 80 m².

Báðar virkjanirnar falla í flokk B skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og eru framkvæmdirnar því tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um hvort framkvæmdirnar skulu háðar mati. Þar með eru skipulagsáætlanirnar háðar umhverfismati skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Landeigendur hafa tekið saman skipulags- og matslýsingu fyrir hvora virkjun fyrir sig í samræmi við 1. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og eru þær meðfylgjandi þessu bréfi.

Fyrir hönd landeigenda Botns og Dranga í Dýrafirði er óskað eftir heimild til að vinna tillögu að deiliskipulagi fyrir hvora virkjun fyrir sig í samræmi við meðfylgjandi skipulags- og matslýsingar og skipulagslög nr. 123/2010. Jafnframt er óskað eftir að ofangreind áform verði tekin til skoðunar við endurskoðun aðalskipulags Ísafjarðarbæjar.

Virðingarfyllt, f.h. landeigenda
Erla Bryndís Kristjánsdóttir, Verkís hf.

Fylgiskjöl:

Botnsvirkjun í Dýrafirði. Deiliskipulag. Skipulags- og matslýsing. Til kynningar í febrúar 2021.

Hvallátursvirkjun í Dýrafirði. Deiliskipulag. Skipulags- og matslýsing. Til kynningar í febrúar 2021.